

Aðalsjóður Kópavogsbæjar

ÁRSREIKNINGUR 2022



Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Aðalsjóðs Kópavogsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrartekjur Aðalsjóðs Kópavogsbæjar á árinu námu 43.672 m.kr. samkvæmt ársreikningi 2022 en fjárhagsáætlun með viðaukum, samþykktum af bæjarstjórn, gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 42.441 m.kr. Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 1.139 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir 800 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé Aðalsjóðs í árslok 2022 nam 8.849 m.kr. en var í ársbyrjun 7.710 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Laun og launatengd gjöld á árinu, að undanskildri hækkun lífeyrisskuldbindinga, námu alls 21.702 m.kr., þar af námu laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra 144 m.kr. á árinu 2022. Fjöldi á launaskrá í árslok 2022 var 2.881 í 2.017 stöðugildum þegar undanskilin er sumarvinna og nefndarstörf.

Íbúar Kópavogsbæjar þann 1. desember 2022 voru 39.793 og fjölgaði þeim um 806 frá fyrra ári eða um 2%.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Kópavogsbæjar staðfesta hér með ársreikning Aðalsjóðs Kópavogsbæjar fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Kópavogi, 9. maí 2023

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Aðalsjóðs Kópavogsbæjar fyrir árið 2022 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur sjóðsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða sjóðinn við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð bæjarstjórn og bæjarstjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Kópavogi, 9. maí 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Áætlun m/viðaukum 2022	Ársreikningur 2021
Rekstrartekjur:				
Skatttekjur.....		34.017.266	33.464.770	31.114.537
Framlög jöfnunarjóðs.....		2.180.298	1.778.602	1.843.772
Aðrar tekjur.....		7.474.474	7.197.696	6.957.189
	12	43.672.039	42.441.067	39.915.499
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld.....	13	21.701.551	21.317.291	20.526.269
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	8,13,21	1.407.138	1.156.910	1.056.416
Annar rekstrarkostnaður.....		21.658.185	20.500.407	19.588.407
Afskriftir.....		0	16.532	3.985
		44.766.874	42.991.140	41.175.076
Hagnaður án fjármagnsliða.....		(1.094.836)	(550.073)	(1.259.578)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Fjármunatekjur	14	2.233.811	1.350.137	1.269.030
		2.233.811	1.350.137	1.269.030
Hagnaður ársins.....	15	1.138.976	800.063	9.452

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Leigð eign.....	9,24	12.479	44.893
Tæknibúnaður.....		0	14.610
		12.479	59.503
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignahlutir í félögum.....	4,16	2.937.343	2.885.843
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	22	1.565.407	1.636.474
Langtímakröfur.....	17	231.708	594.226
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki.....	18	42.223.848	36.863.406
		46.958.306	41.979.948
Fastafjármunir samtals		46.970.785	42.039.451
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur.....	5,19	3.107.555	3.948.368
Næsta árs afborganir langtímakrafna.....	17	138.599	178.120
Eigin fyrirtæki - næsta árs afborganir.....	18	1.171.462	1.036.224
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	22	758.352	571.497
Aðrar skammtímakröfur.....		865.512	671.958
Handbært fé.....	6	537.390	177.992
Veltufjármunir samtals		6.578.869	6.584.158
Eignir samtals		53.549.654	48.623.609

Eignir utan efnahags..... 7

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
Eigið fé:			
Eigið fé.....		8.848.859	7.709.884
Eigið fé samtals	20	8.848.859	7.709.884
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding.....	8, 21	10.395.784	9.629.685
Langtímaskuldbindingar samtals		10.395.784	9.629.685
Langtímaskuldir:			
Langtímaskuldir við lánastofnanir.....	23	17.594.987	21.785.540
Leiguskuldir.....	9, 24	0	10.951
Langtímaskuldir samtals		17.594.987	21.796.491
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir.....		3.557.452	962.003
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	23	5.860.848	2.101.913
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindingar.....	8, 21	604.340	532.790
Næsta árs afborganir leiguskuldar.....	9, 24	12.479	33.942
Skammtímaskuldir.....		6.674.906	5.856.901
Skammtímaskuldir samtals		16.710.025	9.487.549
Skuldir samtals án lífeyrisskuldbindinga		34.305.011	31.284.040
Skuldir samtals með lífeyrisskuldbindingum		44.700.795	40.913.725
Skuldir og eigið fé samtals		53.549.654	48.623.609

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags

25-27

Yfirlit um sjóðstreymi

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Áætlun m/viðaukum 2022	Ársreikningur 2021
Handbært fé frá rekstri:				
Hagnaður ársins.....	15	1.138.976	800.064	9.452
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....		0	16.532	3.985
Verðbætur og gengismunur.....		1.649.700	505.169	801.307
Eigin fyrirtæki - vextir og verðbætur.....		(4.917.034)	(2.699.530)	(3.005.567)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	8,21,22	1.478.205	1.227.977	1.127.483
Veltufé (til)/frá rekstri		(650.153)	(149.788)	(1.063.341)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) / lækkun.....		840.813	0	(333.498)
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) / lækkun.....		(380.409)	0	42.368
Aðrar skammtímaskuldir.....		3.413.453	177.765	1.025.097
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		3.873.856	177.765	733.967
Handbært fé (til)/frá rekstri		3.223.704	27.977	(329.374)
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í eignarhlutum, nettó.....		(51.500)	(51.500)	(199.000)
Verðbréf, breyting.....	17,22	451.587	(71.067)	191.448
Varanlegir rekstrarfj. - breyting.....		14.610	(172.800)	0
Fjárfestingarhreyfingar		414.697	(295.367)	(7.552)
Fjármögnunarhreyfingar:				
Tekin ný langtímalán.....		0	4.762.918	0
Afborgun langtímalána og uppgreiðslur.....		(2.130.867)	(1.972.629)	(1.952.162)
Afborgun lífeyrisskuldbindinga.....		(569.489)	(465.790)	(490.141)
Eigin fyrirtæki, breyting.....		(578.647)	(2.069.601)	2.665.554
Fjármögnunarhreyfingar		(3.279.003)	254.898	223.251
Hækkun / (lækkun) á handbæru fé.....		359.398	(12.492)	(113.675)
Handbært fé í ársbyrjun.....		177.992	129.690	291.667
Handbært fé í árslok.....		537.390	117.198	177.992

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir:

1. Grundvöllur reikningsskilanna.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitastjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitafélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitastjórnarmála um reikningshald sveitafélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

3. Verðags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2022. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í ársbyrjun 2023. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

4. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir til eignar á upphaflegu kaupverði. Eignfært framlag á árinu 2022 til Tónlistarhúss Kópavogs var 51,5 m.kr. Nánar er sagt frá framlagi til Betri samgangna ohf. í skýringu 16.

5. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign bæjarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

6. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðsstreymis.

7. Eignir utan efnahags

Fjárfesting sem átti sér stað fyrir ársbyrjun 2002 í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Varanlegir rekstrarfjármunir í eigu sveitarfélagsins eru ekki eignfærðir hjá Aðalsjóði heldur hjá viðkomandi A og B hluta stofnunar.

8. Lífeyrisskuldbinding

Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi í árslok 2022. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrareikningi sbr. skýringu 21. Varðandi uppgjör á lífeyrisskuld við Brú, lífeyrissjóð er vísað í skýringu 22.

9. Leiguskuldir

Í maí 2018 var gerður leigusamningur um húsnæðið að Fannborg 6 og er samningurinn upphaflega til 5 ára. Samningurinn er færður til eignar og skuldar á núvirði lágmargleigugreiðslna vegna hans út leigutímann. Við útreikning á núvirði leigugreiðslna er miðað við áætlaða ávöxtunarkröfu leigusala, eða aðra ávöxtunarkröfu sem notuð er til að meta verðmæti eignar út frá sjóðstreymi hennar.

10. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar bæjarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 25-27.

11. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðsstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

12. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

Skatttekjur

Útsvar.....	
Fasteignaskattur.....	
Lóðarleiga.....	
Skatttekjur samtals	

Ársreikningur 2022	Áætlun 2022	Ársreikningur 2021
28.768.414	28.169.595	26.192.191
4.887.984	4.815.874	4.560.983
360.867	479.301	361.364
34.017.266	33.464.770	31.114.537

Aðrar tekjur

Jöfnunarsjóður

Framlög vegna grunnskóla.....	
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra.....	
Framlög vegna nýbúa.....	
Framlög vegna tónlistaskóla.....	
Önnur framlög.....	

475.924	484.153	429.484
167.556	158.900	194.668
71.365	61.800	64.500
47.549	42.951	45.925
1.417.905	1.030.798	1.109.195
2.180.298	1.778.602	1.843.772

Þjónustutekjur o.fl.....	
--------------------------	--

7.474.474	7.197.696	6.957.189
-----------	-----------	-----------

Aðrar tekjur samtals

7.474.474	7.197.696	6.957.189
------------------	------------------	------------------

Rekstrartekjur samtals

43.672.039	42.441.067	39.915.499
-------------------	-------------------	-------------------

13. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun.....	
Launatengd gjöld.....	
Laun og launatengd gjöld samtals.....	
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	
Samtals.....	

Ársreikningur 2022	Áætlun 2022	Ársreikningur 2021
17.555.505	17.209.351	16.665.229
4.146.046	4.107.940	3.861.040
21.701.551	21.317.291	20.526.269
1.407.138	1.156.910	1.056.416
23.108.689	22.474.201	21.582.685

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 166 millj. kr. á árinu 2022. Fjöldi á launaskrá í árslok 2022 var 2.881 í 2.017 stöðugildum.

14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur.....	
Vaxtagjöld.....	
Vextir og verðbætur af eigin fyrirtækjum.....	
Önnur verðbóttagjöld.....	
Gengishagnaður/(tap).....	
Tekjur af eignarhlutum.....	

Ársreikningur 2022	Áætlun 2022	Ársreikningur 2021
170.606	43.097	47.686
(1.114.071)	(919.977)	(960.845)
4.917.034	2.699.530	3.005.456
(1.745.018)	(476.813)	(829.991)
775	0	(1.184)
4.486	4.300	7.907
2.233.811	1.350.137	1.269.030

15. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs greinist þannig:

	Ársreikningur 2022			Áætlun 2022	Ársreikningur 2021
	Gjöld	Tekjur	Mismunur		
Skatttekjur.....	36.273	36.173.899	36.137.626	35.243.371	32.916.556
Félagsþjónusta.....	6.957.120	1.003.270	(5.953.849)	(5.652.018)	(5.225.004)
Heilbrigðismál.....	2.160	0	(2.160)	(2.160)	(2.071)
Fræðslumál.....	21.700.358	1.632.650	(20.067.708)	(19.537.999)	(18.885.625)
Menningarmál.....	944.160	213.061	(731.098)	(721.456)	(699.940)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	6.732.180	2.652.769	(4.079.411)	(4.065.663)	(3.807.589)
Brunamál og almannavarnir.....	399.704	0	(399.704)	(397.117)	(373.168)
Hreinlætismál.....	763.431	755.866	(7.566)	(93.378)	(22.567)
Skipulags- og byggingarmál.....	629.204	330.273	(298.931)	(295.732)	(229.296)
Umferðar- og samgöngumál.....	1.773.034	2.442	(1.770.592)	(1.541.914)	(1.400.707)
Umhverfismál.....	466.744	1.627	(465.117)	(470.510)	(486.421)
Atvinnumál.....	97.261	33.861	(63.400)	(80.156)	(70.728)
Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	42.000	0	(42.000)	(42.000)	(42.000)
Sameiginlegur kostnaður.....	2.816.108	872.320	(1.943.788)	(1.736.471)	(2.415.076)
Lífeyrisskuldbindingar, breyting.....	1.407.138	0	(1.407.138)	(1.156.910)	(566.275)
Endurgreiddur VSK frá síðasta ári.....	0	0	0	0	50.332
Fjármagnsliðir nettó.....	(2.233.811)	0	2.233.811	1.350.177	1.269.030
Aðalsjóður samtals:	42.533.063	43.672.039	1.138.976	800.063	9.452

16. Áhættufjármunir og langtímakröfur

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

		2022	2021
Dótturfélög:	Eignarhluti	Bókfært verð	Bókfært verð
Tónlistarhús Kópavogs.....	77,85%	1.234.000	1.182.500
Húsnæðisnefnd Kópavogs.....	100,00%	491.917	491.917
		1.725.917	1.674.417
Önnur félög:			
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	5,52%	488.254	488.254
Betri samgöngur.....	4,07%	163	163
Strætó bs.....	14,60%	96.563	96.563
Sorpa bs.....	15,40%	290.022	290.022
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, stofnframlag.....	14,43%	235.624	235.624
Vatni ehf.....	100,00%	30.800	30.800
Músik og saga ehf.....	100,00%	4.000	4.000
Leikskólinn Undarland ehf.....	100,00%	66.000	66.000
		1.211.426	1.211.426
Eignarhlutir í félögum samtals:		2.937.343	2.885.843

Á árinu 2020 var félagið Betri samgöngur ohf stofnað með kr. 4 milljónir í hlutafé. Stofnendur eru Ríkissjóður og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er stofnað til að halda utanum samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu fyrir allt að 120.000 m.kr. samkvæmt samkomulagi á milli eigenda. Samkvæmt samkomulaginu verður heildar framlag Kópavogsbæjar samtals um 2.428 m.kr., sem greiðist með jöfnum greiðslum á tímabilinu 2019 til 2033 en ræðst annarsvegar af svonefndri "vegagerðarvísitölu" og hins vegar af íbúafjölda. Auk ofangreinds hlutafjár hefur Kópavogsbær greitt um 687 m.kr. til verkefnisins vegna árunna 2019 til 2022 og er sú fjárhæð færð með skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Áætlað er að kröfunni verði breytt eftir því sem Betri samgöngur ohf. afhenda verkefni sín til sveitarfélaganna.

17. Langtímakröfur í árslok 2022 sundurliðast þannig:

Óinnheimtar tekjur

Verðbréfaeign.....	
Vanskil.....	
Næsta árs afborganir.....	
Samtals.....	

2022	2021
370.307	772.345
(59.023)	(35.829)
(79.576)	(142.290)
231.708	594.226
231.708	594.226

Langtímakröfur samtals:

Afborganir af verðbréfaeign í árslok greinast þannig á næstu ár:

Gjaldfallið.....	
Næsta árs afborgun.....	
Árið 2023.....	
Árið 2024.....	
Árið 2025.....	
Árið 2026.....	
síðar.....	

2022	2021
59.023	35.829
79.575	142.290
79.575	160.847
73.085	160.847
30.661	151.208
19.124	77.996
29.263	43.327
370.307	772.345

18. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Afborganir af langtímakröfum á eigin fyrirtæki greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborgun.....	
Árið 2023.....	
Árið 2024.....	
Árið 2025.....	
Árið 2026.....	
Árið 2027.....	
síðar.....	

Langtímakröfur á eigin fyrirtæki samtals:

2022	2021
1.171.462	1.036.224
0	1.036.224
1.171.462	1.036.224
1.171.462	1.036.224
1.171.462	1.036.224
1.171.462	0
37.538.002	32.718.511
43.395.310	37.899.629

19. Niðurfærsla krafna

Niðurfærsla skattkrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	
Niðurfærsla ársins.....	
Niðurfærsla í árslok.....	

2022	2021
1.435.000	1.225.000
165.000	210.000
1.600.000	1.435.000

20. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

Eigið fé 1.1.....	
Rekstrarniðurstaða ársins.....	
Eigið fé 31.12.....	

2022	2021
7.709.884	7.700.432
1.138.976	9.452
8.848.859	7.709.884

21. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt mati á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar nam skuldbinding A og B hluta 11.000 millj.kr. í árslok 2022 miðað við 2% ársvexti og hækkaði hún um 838 millj.kr. á árinu. Breyting á lífeyrisskuldbindingunni á árinu 2022 greinist þannig:

	2022	2021
Lífeyrisskuldbinding 1.1.	10.162.475	9.596.200
Framlag til lífeyrissjóðs.....	(569.489)	(490.141)
Breyting lífeyrisskuldbindinga á árinu.....	1.407.138	1.056.416
Lífeyrisskuldbinding 31.12.	11.000.124	10.162.475
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindinga (næsta ár).....	604.340	532.790
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindinga.....	10.395.784	9.629.685
Lífeyrisskuldbinding 31.12.	11.000.124	10.162.475
Til greiðslu næstu 1 til 5 árin	2.947.709	2.628.115
Til greiðslu næstu 6 til 10 árin	2.594.531	2.368.261
Til greiðslu næstu 11 til 15 árin	2.074.726	1.918.378
	7.616.966	6.914.754
Til greiðslu næstu 16 árin og síðar.....	3.383.158	3.247.721
Lífeyrisskuldbinding 31.12.	11.000.124	10.162.475

Samkvæmt reglugerð um Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar greiðir bæjarsjóður árlega aukaframlag til lífeyrissjóðsins miðað við lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga. Á árinu 2022 nam þetta aukaframlag bæjarsjóðs 570 millj.kr.

22. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóð vegna A deildar LSK

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi á meðal langtímakrafna sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2023 er færður á meðal veltufjármuna en það sem kemur til greiðslu síðar er fært á meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna ársins 2022 eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast svona:

Aðalsjóður	Jafnvægis-sjóður	Lífeyrisauka-sjóður	Varúðarsjóður	Samtals
Upphaflega uppgert við Brú, lífeyrissjóð.....	597.400	1.835.768	197.497	2.630.666
Gjaldfært á árunum 2017-2020.....	-597.400	-280.465	-45.260	-923.125
Fært á langtímaskuldbinding.....	0	1.555.303	152.238	1.707.541
Gjaldfært á árinu 2021.....	0	-61.192	-9.875	-71.067
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2021.....	0	1.494.111	142.363	1.636.474

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gj.f. færð meðal veltufjármuna.....	0	61.192	9.875	71.067
Langtíma hluti fyrirframgreiðslu.....	0	1.432.919	132.488	1.565.407
Samtals í efnahagsreikningi.....	0	1.494.111	142.363	1.636.474

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá skuldum bókfært virði fyrirframgreiðslu vegna framlaga í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð til Brúar.

Framlög til samgöngusáttmála.

Fyrirframgreiddur kostnaður meðal veltufjármuna sundurliðast þannig vegna samgöngusáttmála, kr 687.285 þús, vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð 71.067 þús. samtals 758.352 þús. Sjá nánari útlistun samgöngusáttmála í skýringu 16.

23. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals	2021
Staða lána í ársbyrjun.....	4.838.334	19.049.120	23.887.454	24.998.364
Ný lán.....	0	0	0	0
Afborganir af lánum.....	(286.666)	(1.844.200)	(2.130.867)	(1.952.162)
Verðbætur	0	1.699.249	1.699.249	841.251
Langt.sk. samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	4.551.667	18.904.168	23.455.836	23.887.453
Næsta árs afborgun.....	(3.901.668) (	1.959.181) (	5.860.849) (	2.101.913)
	650.000	16.944.987	17.594.987	21.785.540
Meðalvextir í árslok.....	7,52%	3,55%		

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals	2021
Árið 2022.....			0	2.101.913
Árið 2023.....	3.901.667	1.959.181	5.860.848	5.641.159
Árið 2024.....	116.667	1.664.068	1.780.735	1.636.248
Árið 2025.....	66.667	1.241.088	1.307.755	1.199.389
Árið 2026.....	66.667	1.268.864	1.335.530	1.224.793
Árið 2027.....	66.667	1.206.097	1.272.764	0
Afborganir síðar.....	333.334	11.564.870	11.898.204	12.083.951
Samtals:.....	4.551.667	18.904.168	23.455.836	23.887.453

24. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert einn leigusamning um fasteign sem er færður til skuldar í árslok 2022 sbr. skýringu 9.

Leigusamningurinn er tengdur vísitölu neysluverðs og greinist þannig:

	2022	2021
Staða samnings í ársbyrjun.....	7.782	41.329
Verðbætur samnings.....	4.697	3.563
Samtals.....	12.479	44.893
Næsta árs afborgun.....	(12.479)	(33.942)
Langtímahluti samnings.....	0	10.951
Núvirtar leigugreiðslur samnings:		
Árið 2023.....	12.479	33.942
Árið 2024.....		10.951
	0	44.893

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

- 25 Í árslok 2020 hvíldu á Aðalsjóði Kópavogsbæjar ábyrgðarskuldbindingar gagnvart félagasamtökum sem þau greiddu upp á árinu 2021. Ekki hefur verið stofnað til nýrra svona skuldbindinga.

Í árslok 2020 hvíldu á bæjarsjóði ábyrgðir vegna seldra verðbréfa vegna lóðauðhlutana. Þessi verðbréf voru greidd upp á árinu 2021 og þar með féll ábyrgð bæjarins niður. Ekki hefur verið stofnað til nýrra svona ábyrgða.

- 26 Bæjarsjóður ber 100% ábyrgð á skuldbindingum allra þeirra rekstrareininga sem falla undir samstæðu Kópavogsbæjar nema vegna Tónlistarhúss Kópavogs, þar sem bæjarsjóður ábyrgist 77,85% af skuldbindingum félagsins.

Bæjarsjóðir er auk þess í hlutfallslegri ábyrgð vegna eignaraðildar að ýmsum byggðasamlögum, svo sem vegna Sorpu bs., Strætó bs. og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, sjá töflu.

Heiti verkefnis:	Slökkvilið höfuðborgar- svæðisins bs.	Sorpa bs.	Strætó bs.	Samtök sveitarfélaga á höfuðborgar- svæðinu	Heilbrigðiseftirlit Kópavogs og Hafnarfjarðar
Reikningsskiladagur - uppgjörsár	2022	2022	2022	2022	2022
Form rekstrar	Byggðasamlag	Byggðasamlag	Byggðasamlag	Samstarf	Samstarf
Aðrir eignar- eða rekstraraðilar	Reykjavík, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltiarnarnes	Reykjavík, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltiarnarnes	Reykjavík, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltiarnarnes	Reykjavík, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltiarnarnes	Hafnarfjarðarbær Garðabær
Ábyrgð á rekstri og skuldum	Já	Já	Já	Já	Já
Fjárhæð veittrar ábyrgðar	m.v. íbúafjölda	m.v. íbúafjölda	m.v. íbúafjölda	m.v. íbúafjölda	m.v. íbúafjölda
Fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum viðkomandi byggðasamlags eða samstarfsverkefnis - í þús. kr.					
Tekjur	4.324.580	5.771.984	5.566.278	74.275	264.197
Gjöld	-4.226.620	-4.866.414	-10.250.897	-77.180	-264.395
Fjármunatekjur/ (fjármagnsgjöld)	-845	-218.219	-149.173	1.252	198
Aðrir liðir	0				0
Rekstrarniðurstaða	97.114	687.351	-833.792	-1.653	0
Fastafjármunir	2.209.361	8.089.401	2.174.776	0	0
Veltufjármunir	1.055.571	1.506.672	978.660	69.278	20.449
Eignir samtals	3.264.932	9.596.073	3.153.436	69.278	20.449
Eigið fé	2.501.388	5.683.724	9.756	14.196	0
Skuldbindingar		461.606	0	0	6.286
Langtímaskuldir	201.877	2.135.541	1.643.882	0	
Skammtímaskuldir	561.667	1.315.202	1.499.798	55.082	14.163
Skuldir og skuldbindingar samtals	763.544	3.912.349	3.143.680	55.082	20.449
Skuldir og eigið fé samtals	3.264.932	9.596.073	3.153.436	69.278	20.449
Veltufé frá rekstri	97.114	1.211.614	-419.023	-1.652	0
Handbært fé frá rekstri	209.936	1.286.783	-139.487	10.094	373
Fjárfestingarhreyfingar	-85.720	-546.018	-96.279	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	-14.882	-191.734	309.238	0	0
Breyting á handbæru fé	109.334	549.031	73.472	10.094	373
Handbært fé í ársbyrjun	757.377	449.173	465.764	43.859	13.153
Handbært fé í árslok	866.711	998.204	539.236	53.953	13.526
Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgðar- og skuldbindingagjafir og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs.					
Hlutdeild Kópavogsbæjar í eigin fé		15,40%	14,60%		
Hlutur Kópavogsbæjar í eigin fé (þús.kr.)		290.022	105.444		
Hlutdeild Kópavogsbæjar í skuldum		16,20%			
Hlutdeild Kópavogsbæjar í framlögum					44,70%

1. Vætnsendamál I

Hinn 25. apríl 2014 var Kópavogsbæ birt stefna af hálfu hluta erfingja Sigurðar K. Hjaltested fyrrum ábúanda á Vatnsenda. Aðalkrafa stefnenda er sú að Kópavogsbær greiði dánarbúi Sigurðar K. Hjaltested kr. 74.811.389.954 vegna eignarnáms á landi í Vatnsenda árin 1992, 1998, 2000 og 2007. Málið var þingfest 5. nóvember 2014. Kópavogsbær tók til varna í málinu og krafðist sýknu af öllum kröfum stefnenda. Ágreiningur aðila snýst meðal annars um það hvort Kópavogsbæ hafi verið heimilt að ráðstafa eignarnámsbótum til þáverandi þinglýstra eigenda Vatnsenda. Undir rekstri málsins hefur verið aflað matsgerðar um verðmæti þeirra réttinda sem Kópavogsbær tók eignarnámi í landi Vatnsenda árin 1992, 1998, 2000, 2007.

Dómkvaddir matsmenn komust að þeirri niðurstöðu að verðmæti þess lands sem tekið var eignarnámi 1992 hafi á eignarnámsdegi numið kr. 30.300.000. Af þeirri fjárhæð ætti handhafi beins eignarréttar (db. Sigurðar K. Hjaltested) tilkall til 10-15%.

Matsmenn komust að þeirri niðurstöðu að verðmæti þess lands sem tekið var eignarnámi 1998 hafi á eignarnámsdegi numið kr. 180.000.000. Af þeirri fjárhæð ætti handhafi beins eignarréttar (db. Sigurðar K. Hjaltested), tilkall til 10-15%.

Matsmenn komust að þeirri niðurstöðu að verðmæti þess lands sem tekið var eignarnámi 2000 hafi á eignarnámsdegi numið kr. 290.000.000. Af þeirri fjárhæð ætti handhafi beins eignarréttar (db. Sigurðar K. Hjaltested) tilkall til 10-15%.

Matsmenn komust að þeirri niðurstöðu að verðmæti þess lands sem tekið var eignarnámi 2007 hafi á eignarnámsdegi numið kr. 6.948.000.000. Af þeirri fjárhæð ætti handhafi beins eignarréttar (db. Sigurðar K. Hjaltested) tilkall til 10-15%.

Hinn 23. desember 2020 kvað Héraðsómur Reykjaness upp dóm í málinu. Var Kópavogsbær sýknaður af öllum dómkröfum stefnenda er tóku til eignarnámsins árin 1992, 1998 og 2000. Á hinn bóginn var bærinn dæmdur til að greiða dánarbúi Sigurðar K. Hjaltested kr. 968.000.000 vegna eignarnáms bæjarins í landi Vatnsenda á árinu 2007. Fjárhæðin bar vexti frá aprílmánuði 2010 en dráttarvexti frá dómsuppsögu. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af bæði stefndum og stefnda, Kópavogsbæ.

Með dómi Landsréttar hinn 3. júní 2022 var Kópavogsbær sýknaður af öllum kröfum erfinga Sigurðar K. Hjaltested. Málið fékk áfrýjunarleyfi í Hæstarétti og verður málið flutt fyrir réttinum 26. apríl 2023. Búast má við dómi Hæstaréttar síðari hluta maí 2023.

2. Vætnsendamál II

Hinn 28. maí 2018 var Kópavogsbæ birt stefna af hálfu Þorsteins Hjaltested, þáverandi ábúanda Vatnsenda. Í málinu gerði stefnandi þær dómkrafur að Kópavogsbær greiddi honum frekari eignarnámsbætur vegna eignarnáms bæjarins á landi úr Vatnsenda árið 2007. Dómkrafa stefnanda er að fjárhæð kr. 5.631.000.000 og til viðbótar er gerð krafa um viðurkenningu á tilteknum réttindum sem byggt er á að leiði af eignarnámssátt frá 30. janúar 2007. Málið var þingfest 30. maí 2018 og krafðist Kópavogsbær aðallega frávísunar málsins en til vara sýknu.

Þorsteinn Hjaltested lést hinn 12. desember 2018 og tók dánarbú hans tekið við aðild málsins.

Með dómi Hæstaréttar 8. mars 2022 komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að kröfur á grundvelli eignarnámssáttar frá 2007 væru að hluta til á hendi dánarbús Þorsteins Hjaltested og að hluta til á hendi núverandi ábúanda jarðarinnar, Magnúsar Péturs Hjaltested. Þessi niðurstaða leiddi til þess að stefndur í málinu gegn Kópavogsbæ eru nú bæði dánarbú Þorsteins Hjaltested og núverandi ábúandi, Magnús Pétur.

Aðalmeðferð í málinu fer fram í Héraðsdómi Reykjaness 30. maí 2023.